21. nóvember 1975. 985 Nr. 490.

REGLUGERÐ

um bann við veiði síldar.

1. gr.

Frá og með 1. desember og þar til öðruvísi verður ákveðið eru allar síldveiðar bannaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur að línu, sem dregin er réttvísandi norðvestur frá Rit.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 með síðari breytingum og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 223 19. ágúst 1974 um bann við veiði smásíldar ásamt síðari breytingum þ. e. a. s. reglugerðum nr. 381/1975 og 481/1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1975.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

24. nóvember 1975. Nr. 491.

AUGLÝSING

um breytingu á reglum um innflutning með greiðslufresti.

Úr auglýsingu nr. 5 frá 3. febrúar 1972 falli niður eftirtaldar vörur og er því óheimilt að flytja þær inn með greiðslufresti:

Tollskr. nr.	Vörutegund
84.09.00	Sjálfknúnar vegþjöppur.
84.11.01	Heyblásarar.
84.22.03	Lyftikranar.
84.22.05	Heyblásarar (til að færa hey).
84.22.06	Færibönd og sniglar ót. a.
84.22.07	Hlaupakettir með lyftuútbúnaði; lausir og ásamt brautum.
84.22.08	Palllyftur á bifreiðar.
84.22.09	Annað.

B 124

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Tollskr. nr.	Vörutegund
84.23.01	Grafvélar og vélskóflur.
84.23.02	Jarðýtur.
84.23.03	Vegheflar.
84.23.04	Ámoksturstæki.
84.23.09	Annað.
84.24.01	Plógar.
84.24.02	Herfi.
84.24.03	Áburðardreifarar.
84.24.09	Annað.
84.25.02	Aðrar sláttuvélar.
84.25.03	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti.
84.25.04	Rakstrar- og snúningsvélar.
84.25.05	Flokkunarvélar.
84.25.09	Annað.
84.56.01	Steypuhrærivélar.
87.01.11	Almennar hjóladráttarvélar.
87.01.20	Dráttarvélar fyrir tvíhjóla vagna.
87.02.11	Bifreiðar fyrir atvinnubílstjóra.
87.02.20	Almenningsbifreiðar.
87.02.33	Vörubifreiðar, dieselknúnar 3 tonn og þar yfir.
87.02.34	Vörubifreiðar, aðrar en dieselknúnar 3 tonn og þar yfir.
87.02.35	Vörubifreiðar undir 3 tonnum.
87.02.36	Sendiferðabifreiðar fyrir atvinnubílstjóra.
87.03.02	Snjóplógar.
87.03.03	Kranabifreiðar.
87.03.09	Aðrar.
87.05.04	Yfirbygingar fyrir vörubifreiðar, jeppa og almenningsbifreiðar.
87.07.00	Alls konar vagnar með hreyfli fyrir verksmiðjur o. fl. þ. h.
87.14.02	Heyflutningavagnar, aðrir vagnar.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 24. nóvember 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Björgvin Guðmundsson.